

47. fundur Íslensku Vatnafræðinefndarinnar – fundargerð

Fundartími: Kl. 11:45–13 þriðjudaginn 16. nóvember 2010

Fundarstaður: Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9

Mættir voru: Árni Snorrason (Veðurstofa Íslands), Kristinn Einarsson (Orkustofnun), Hrund Andradóttir (Háskóli Íslands), Gunnar Steinn Jónsson (Umhverfistofnun), Magnús Jóhannsson (Veiðimálastofnun), Jórunn Harðardóttir (Veðurstofa Íslands), Þóra Ellen Þórhallsdóttir (Háskóli Íslands) og Eygerður Margrétardóttir (Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar).

Boðuð forföll: Óli Grétar Sveinsson Blöndal (Landsvirkjun)

-
- 1) **Málþing um vatnsbúskap í samvinnu við UNESCO landsnefnd.** Kristinn Einarsson fór á fund með UNESCO nefndinni þar sem kom fram ósk nefndarinnar um að Íslenska vatnafræðinefndin kæmi að málþingi um vatnsbúskap og rétt til aðgangs að neysluvatni. Íslenska vatnafræðinefndin gæti m.a. kynnt starf sitt á slíkri ráðstefnu. Upphaflega átti að halda málþingið í nóvember en eftir nokkrar umræður var talið að sá tími hentaði ekki vegna nokkurra atriða: 1) Staða frumvarpa enn óljós; 2) Tími til stefnu er of stuttur; 3) Rekst á undirbúning mengunarráðstefnu í febrúar þar sem vatn er kynnt með formlegum og/eða óformlegum hætti.

Ákveðið var að Jórunn og Árni ræði við UNESCO landsnefnd um að fresta ráðstefnunni fram að Degi vatnsins í lok mars.

Rætt var frekar um möguleg innlegg á slíka ráðstefnu.

- ÞEP sagði frá nefnd um náttúruvernd sem skilar af sér til ráðherra í dag (mögulegt innlegg á ráðstefnu).
 - Gunnar Steinn sagði frá Mengunarráðstefnu í febrúar þar sem hann er í undirbúningsnefnd. Einnig sagði hann frá gagnaskilum til European Environmental Agency (EEA) og vandamálum sem upp koma við slík skil þar sem sérstæða Íslands kemur berlega í ljós (mögulegt innlegg á ráðstefnu).
 - Vatnatilskipunin er mögulegt innlegg.
 - Íslenska vatnafræðinefndin/UNESCO og stefnumótun.
 - Fyrirlestur frá UNESCO nefndinni.
- 2) **Áætlun um vinnu Íslensku Vatnafræðinefndarinnar á árinu 2011 og helstu verkefni framundan.** Engin brýn erindi liggja fyrir á erlendum vettvangi. Áður hefur verið rætt um að stofna fjórða skólann innan skóla Sameinuðu þjóðanna sem ætti að leggja áherslu á vatn en tæplega er þetta rétti tíminn til að bera upp þær hugmyndir.
- 3) **Umræða um alþjóðastarf. WMO** leiðir nú vinnu um hvaða mælingar (veður, vatn, og aðrar umhverfisbreytur), þjónustur og rannsóknir skuli vinna að á heimskautasvæðum. Einnig er lögð áhersla á sviðsmyndir fyrir loftslagsbreytingar. Þessi verkefni eru sett fram á 10 ára áætlun. **Global Cryosphere Watch**, er verkefni sem snýr að vöktun á freðhvolfi jarðar á alþjóðlega vísu. Tveir menn voru staddir á Íslandi í gær til að ræða þessi mál.
- 4) **Umræða um innlend verkefni.** ÞEP sagði frá **VÍN – Verndarsjóði íslenskrar náttúru**, t.d. verndun arnarstofnsins og endurheimt íslensks votlendis. Þetta er sjóður án fjármagns en hópur sjálfboðaliða vinnu að ýmsum verkefnum. **Þurrkar** – Brynhildur Davíðsdóttir og nemendur hennar

Þjuggu til mynd sem sýnd var á COP15 í Kaupmannahöfn. ÞEP ætlar að ræða við hana um kynningu á myndinni.

Næsti fundur var ákveðinn í janúarbyrjun, að Bústaðavegi 9 kl. 11:45-13:00.

Fyrirliggjandi verkefni fyrir næsta fund – Árni gefur yfirlit yfir erlend verkefni sem tengjast t.d. UNESCO/WMO.